

Bæjarskrifstofur Garðabæjar
Velferðarmál
Garðatorg 7
220 Garðabæ

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	12.09.2018
Málalýkill	00.10.1
Mál nr.	1809173

Reykjavík 5. september 2018

Efni: Fyrirspurn um heimild til að veita heyrnarlausum, heyrnarskertum og dauflblindum Garðbæingum túlkun í tómstundar -og menningarviðburðum vegna ársins 2019

Við förum þess á leit við Garðabæ að veita heyrnarlausum, heyrnarskertum og dauflblindum, túlkun í tómstundar -og menningarstarfi á komandi ári vegna þátttöku þeirra í menningar og frístundastarfi í Garðabæ og Álfanesi.

Í Garðabæ búa nokkrir einstaklingar sem nota túlkahjónustu að staðaldri. Að þessu sinni óskum við eftir 100.000 króna styrk fyrir túlkun í menningar -og tómstundastarfi árið 2019.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra veitir túlkahjónustu gegn gjaldi skv.gjaldskrá nr. 444 6. maí 2013


Táknmálstúlkun er nauðsynleg forsenda þess að heyrnarlausir, heyrnarskertir og dauflblindir einstaklingar geti tekið þátt í samfélaginu á jafnréttisgrundvelli.

Í lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61, 7. júní 2011. 13. gr. segir um skyldur ríkis og sveitarfélaga að þau skulu tryggja að allir sem þessa þurfa eigi kost á hjónustu á íslensku táknmáli og að íslenskt táknmál sé jafnréttthátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í milli og er óheimilt að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir nota.

Heyrnarlausum/dauflblindum er almennt tryggður réttur til túlkahjónustu þegar kemur að opinberri hjónustu sem veitt er á grundvelli opinbers réttar. Þegar kemur að hjónustu sem veitt er af einkaaðilum eða öðru starfi sem er á grundvelli einkaréttar er réttastaða heyrnarlausra/dauflblindra ekki tryggð. Þetta á við t.d. um ýmsa menningarstarfsemi, starfsemi íþróttar og æskulýðsfélaga ofl. Aðgengi heyrnarlausra/dauflblindra að þessum vettvangi er aðeins möguleg með milligöngu táknmálstúlks. Með því að tryggja fjármagn (sjóð) sem heyrnarlausir/dauflblindir geta leitað til vegna kostnaðar við túlkahjónustu er komið á móts við möguleika þeirra til þátttöku í samfélaginu. Áætlað er að túlka 10 tíma fyrir styrkinn á árinu 2019.

Síðastliðin ár hefur Reykjavíkurborg ásamt nokkrum öðrum sveitarfélögum greitt túlkun fyrir heyrnarlausa borgarbúa á þessu sviði.

Með ósk um gott samstarf,



Fanney Ingólfssdóttir
sviðsstjóri fjármála

